



HÉRAÐSDÓMUR  
REYKJAVÍKUR

ÚRSKURÐUR

19. júní 2019

Mál nr. X-18/2018:

Sóknaraðili: A  
*(Hróbjartur Jónatansson lögmaður)*

Varnaraðili: B  
*(Guðjón Ármann Jónsson lögmaður)*

Dómari: Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari

# Ú R S K U R Ð U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 19. júní 2019 í máli nr. X-18/2018:**

**A**

*(Hróbjartur Jónatansson lögmaður)*

**gegn**

**B**

*(Guðjón Ármann Jónsson lögmaður)*

Mál þetta hófst með málskoti skiptastjóra varnaraðila til dómsins samkvæmt 171. gr. laga nr. 21/1991 sem barst dómnum 24. september sl. Sóknaraðili er A og varnaraðili er þrotabúi B.

Í málinu sjálfu gerir sóknaraðili þá kröfu að þrotabúi B verði gert skylt að afhenda 50% hluta í Skeifunni ehf.. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila. Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfunni verði vísað frá dómi en til vara að henni verði hafnað. Hann krefst og málskostnaðar.

Málið var í fyrstu tekið til úrskurðar 15. nóvember sl. eftir munnlegan málflutning um þá kröfu varnaraðila að sóknaraðila yrði gert að leggja fram málskostnaðartryggingu. Með úrskurði dómsins 13. desember sl. var stefnanda gert að leggja fram málskostnaðartryggingu að fjárhæð 1.250.000 kr. og jafnframt úrskurðaður til að greiða 250.000 kr. í málskostnað vegna þess þáttar. Stefnandi lagði innan tímafresta fram uppsetta tryggingu og fór málið því inn á reglulegt dómþing og aðilar skiluðu greinargerðum, sóknaraðili 15. febrúar og varnaraðili 10. apríl sl. Undirritaður dómari fékk málinu úthlutað þann dag. Málið var tekið til úrskurðar um frávísunarkröfu varnaraðila miðvikudaginn 29. maí sl. eftir munnlegan málflutning um kröfuna.

Sóknaraðili krefst þess að kröfu varnaraðila um frávísun málsins verði hafnað og krefst jafnframt málskostnaðar vegna þessa þáttar málsins.

Úrskurður þessi fjallar einungis um frávísunarþátt málsins.

## I. Helstu málsatvik

Sóknaraðili er félag skráð í Englandi. Forsvarsmaður félagsins kveðst hafa keypt 50% hlut í Skeifunni ehf. af C, eiginkonu B, þann 4. nóvember 2014 og hafi samningurinn verið gerður á grundvelli tilboða sóknaraðila til C, sem hafi þá verið búsett í Englandi. Samningur þessa efnis hafi verið undirritaður í London 4. nóvember 2014.

Kveður sóknaraðili að kaupverðið hafi verið 1.020.000 bresk pund fyrir hlutinn. Meðeigandi að 50% hlut í félaginu hafi verið D, sem sé stjórnarmaður og framkvæmdastjóri félagsins, en það hafi heimilisfang á heimili D að Tjarnargötu 40, Reykjavík, og hafi honum verið tilkynnt um kaupin. Hafi sóknaraðili einnig 20. ágúst 2015 gert D tilboð í 50% eignarhlut hans í félaginu á móti sóknaraðila. Hafi D samþykkt tilboðið en síðar kosið að standa ekki við það.

Sóknaraðili kveður eigendaskiptin hafa verið tilkynnt til Skeifunnar ehf. og að sóknaraðili hafi verið skráður í ársreikninga félagsins 2014 og 2015, sem sendir hafi verið til ársreikningaskrár RSK. Þessu mótmælir varnaraðili og kveður eigendaskipti aldrei hafa verið tilkynnt til félagsins og því hafi alfarið verið neitað af stjórn þess.

Í ársreikningi Skeifunnar ehf. vegna rekstrarársins 2014, sem staðfestur var á aðalfundi 18. maí 2015, er tilgreint að hluthafi ásamt D sé „erlendur“ og telur sóknaraðili þar berlega vísað til hans sem eiganda 50% hlutafjár. Í ársskýrslum stjórnar Skeifunnar ehf. 2014 og 2015 séu hluthafar sagðir að jöfnu A. og D. Varnaraðili telur að átt hafi verið við ársreikning 2015 eftir á, eins og hann orðar það.

Varnaraðili hefur lýst málaferlum sem þrotabúið hefur átt aðild að og varða Skeifuna einkahlutafélag. Þannig var kaupmála sem C og þrotamaður gerðu með sér árið 2009 rift með dómi Hæstaréttar 15. júní 2017 í málinu nr. 527/2016. Þar höfðu m.a. 100% hlutafjár í félaginu Íslandssporti ehf. verið gerð að séreign C, en félagið var sagt eigandi helmings hlutafjár í Skeifunni ehf. Ekki sé hægt að ráða af dómi Hæstaréttar að sóknaraðili hafi komið nærri þeim málaferlum eða því verið haldið fram þar að það væri í raun A. en ekki C sem ætti 50% hlut í Skeifunni ehf. þó að sú eigi, samkvæmt síðari

málatilbúnaði aðila, að hafa verið raunin frá 2014. Í málum við Héraðsdóm Reykjavíkur nr. Y-19 og Y-20/2017 komi fram að varnaraðili hafi fyrst byggt á þessu árið 2016, enda gefi önnur gögn málsins og fyrri mála gagnstæða stöðu til kynna. Hvorki í þeim málum né í þessu hafa verið gerðar tilraunir til að varpa ljósi á hvort sóknaraðili hafi greitt, og þá hvernig, fyrir umræddan eignarhlut.

Varnaraðili lagði, 1. september 2017, fram aðfararbeiðni á hendur C með þeirri kröfu að með aðför yrði henni gert að afhenda þrotabúinu með afsali 50% heildarhlutafjár í Skeifunni ehf. í samræmi við dóm Hæstaréttar. Sýslumaður féllst á innsetninguna 20. september 2017 og afsalaði varnaraðila hlutunum í Skeifunni ehf. á grundvelli dóms Hæstaréttar um riftun kaupmálans.

Sóknaraðili lagði, 2. október 2017, fram beiðni til héraðsdóms um að innsetningargerð sýslumannsins í Reykjavík yrði ógilt með dómi og byggði á því að hann væri eigandi hins umþrætta hlutar. Þeirri kröfu var hafnað í máli nr. Y-20/2017 og taldi héraðsdómur að sóknaraðili hefði gert „enga viðhlítandi grein fyrir því svo sem með framlagningu gagna hvernig hann eignaðist hinn meinta 50% eignarhlut í Skeifunni ehf.“ Málið var kært til Landsréttar en málgögn til réttarins bárust degi of seint og fékk málið því ekki efnislega meðferð þar.

Sóknaraðili kveður að honum hafi ekki orðið ljóst fyrr en eftir uppkvaðningu úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur í framangreindu máli að kaupsamningi hans og C hefði hvorki verið framvísað við ráðuneytið né hann lagður inn í innsetningarmál varnaraðila gegn Margréti sem sönnunargagn um eignarhald hans á hlutunum. En af niðurstöðu innanríkisráðuneytisins, sem fjallað hefur um málið, sem og úrskurðarins sé bersýnilegt að talið hafi verið skorta sönnun á tilvist eignayfirfærslunnar yfir til sóknaraðila.

Þann 11. apríl 2018 lagði sóknaraðili fram lögreglukæru á hendur stjórnar- og varastjórnarmanni Skeifunnar ehf., þeim D og E, fyrir að hafa breytt hlutaskrá félagsins og mun, samkvæmt upplýsingum dómsins, kæran enn vera til meðferðar.

Ágreiningslaust er að hinir umdeildu hlutir í Skeifunni ehf. eru í vörslum varnaraðila en varnaraðili fékk hlutina í Skeifunni ehf., eins og fyrr segir með aðfarargerð, á hendur C.

Dómari telur ástæðu til að rekja helstu málsatvik og einnig málsástæður aðila þótt hér sé einungis um að ræða umfjöllun um frávísunarkröfu varnaraðila, enda frávísunarkrafan byggð á því að málsástæður sóknaraðila og kröfur séu þær sömu og voru gerðar í máli nr. Y-20/2017 við þennan dómstól.

## II. Málsástæður og lagarök sóknaraðila

Sóknaraðili vísar til 1. mgr. 109. gr. laga nr. 21/1991 en þar sé kveðið á um að afhenda skuli eign í vörslum þrotabús þriðja manni ef hann sannar eignarrétt sinn að henni. Hafi þrotabú selt eignina geti þriðji maður samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins krafist greiðslu þess sem þrotabúið fékk við sölu, eftir atvikum að frádregnum kostnaði sem búið hefur haft af varðveislu og sölu eignarinnar. Slík krafa skuli greidd á undan öllum öðrum kröfum á hendur búinu.

Sóknaraðili kveðst vera löglegur eigandi 50% hluta í Skeifunni ehf. enda hafi hann keypt 50% eignarhlut C í félaginu með kaupsamningi 4. nóvember 2014.

Sóknaraðili heldur því fram að framlagður kaupsamningur og önnur gögn teljist vera fullnægjandi sönnur um eignarhald hans og beri því að afhenda sóknaraðila hlutina eins og krafist er.

Fyrir liggi að hinn 4. nóvember 2014, þegar téður kaupsamningur hafi verið gerður, hafi C haft full eignarráð yfir hinum umdeildu hlutum í Skeifunni ehf. enda hafi hún fengið þá til eignar með kaupmála við eiginmann sinn, B, sem gerður var 28. janúar 2009 eða ríflega fimm árum fyrr.

Samkvæmt 19. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 skuli stjórn félags halda hlutaskrá og gæta þess að hlutaskráin geymi réttar upplýsingar um hluthafa á hverjum tíma. Í 4. mgr. 19. gr. s.l. sé kveðið á um að verði eigendaskipti að hlut og ákvæði 14. og 15. gr. s.l. séu þeim ekki til fyrirstöðu skuli nafn hins nýja hluthafa fært í hlutaskrána þegar hann eða löglegur umboðsmaður hans tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Í því felist að stjórn félags sé skylt að skrá nýjan hluthafa í hlutaskrá ef fyrir liggur sönnun þess að eigendaskipti hafi orðið á hlut. Enginn áskilnaður sé í lögnum um að eigendaskiptin eða tilkynning um þau til félags þurfi að lúta tilteknum formreglum. Því

sé nægjanlegt að seljandi hlutanna, í þessu tilviki C eða sóknaraðili eftir atvikum, hafi tilkynnt stjórn Skeifunnar ehf. um eigendaskiptin, eins og gert hafi verið.

Í framhaldi af tilkynningu C og sóknaraðila til stjórnar Skeifunnar ehf. hafi nafn sóknaraðila verið fært í hlutaskrá félagsins eins og staðfest hafi verið af endurskoðanda félagsins. Það sé enn fremur staðfest í ársreikningum Skeifunnar ehf. vegna rekstraráranna 2014 og 2015, sem félagið sendi til ársreikningaskrár RSK og stjórnarmaðurinn D hafi undirritað í viðurvist endurskoðanda félagsins. Þá liggi fyrir að endurskoðandi Skeifunnar ehf. hafi sent samandreginn ársreikning félagsins til ársreikningaskrár RSK, í samræmi við 2. gr. reglugerðar nr. 664/2008 um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga. Samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar sé heimilt að senda samandregna útgáfu af ársreikningi ásamt áritun endurskoðanda ef félagið uppfyllir ákveðin stærðarmörk. Sé þá ekki krafist undirritunar stjórnar. Í þeirri samantekt sé sóknaraðili tilgreindur til RSK sem annar tveggja hluthafa félagsins vegna beggja ára, 2014 og 2015.

Með því að stjórnarmaður Skeifunnar ehf. hafi skráð sóknaraðila sem eiganda 50% hlutfjár í félaginu og staðfest það í ársreikningi félagsins hafi stjórnin orðið bundin við þá ráðstöfun frá því tímamarki og hafi D því verið óheimilt að breyta skráningunni nema að undangenginni tilkynningu frá sóknaraðila um að hann hefði selt hlutina, eða eftir atvikum viðsemjanda hans, ef því hefði verið að skipta.

Réttarverkanir hlutaskrár í hlutafélagi séu skýrar. Hlutaskráin sé sönnun um eignarrétt hluthafa í félaginu, og aðrir geti ekki beitt réttindum í félagi en þeir sem skráðir séu í hlutaskrá félagsins, sbr. 27. gr. laga um hlutafélög sem kveði á um að hlutabréf megi aðeins afhenda þeim sem skráður sé í hlutaskrá. Samkvæmt 4. mgr. 19. gr. laga um einkahlutafélög geti hluthafi ekki beitt réttindum sínum gagnvart félaginu sem hluthafi nema nafn hans hafi verið fært í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína að hlut. Af þessu ákvæði verði gagnályktað á þann veg að sé hluthafi skráður í hlutaskrá félags geti hann beitt félagsréttindum sínum gagnvart félaginu í samræmi við skráninguna í hlutaskrána.

Með hliðsjón af framansögðu hafi sóknaraðili öðlast réttindi sem hluthafi í félaginu við skráningu hans í hlutaskrá félagsins í árslok 2014, eins og ársreikningur félagsins árið 2014 staðfesti berlega.

Varnaraðila hafi því verið fullkomlega ljóst um tilvist kaupsamnings C og sóknaraðila um hlutina í Skeifunni ehf. við upphaf málsóknar varnaraðila á hendur C til riftunar kaupmálanum. Samt sem áður hafi hann ekki kosið að beina kröfum að sóknaraðila.

Sóknaraðili telur það engu skipta þó að varnaraðili hafi, löngu eftir að honum var ljóst að C hafði selt hlutina til sóknaraðila, fengið hlutina með aðfarargerð sýslumanns á hendur C enda hafi þá legið fyrir að C hafi hvorki átt hlutina né getað afhent þá. Þá hafi ekki falist í dómsorði Hæstaréttar í máli varnaraðila gegn C að varnaraðili væri eigandi hlutanna í Skeifunni ehf. heldur aðeins verið kveðið á um riftun á „ráðstöfun til stefndu á hlutafé Íslandssports ehf., [] í Skeifunni ehf.“. Þar af leiðandi hafi aðfarargerð sýslumanns verið reist á röngum forsendum, sem varnaraðili hafi borið ábyrgð á. Aðfarargerð af þessu tagi sé framkvæmd á ábyrgð gerðarbeiðanda, með almennum fyrirvara um betri réttindi þriðja manns.

Í ljósi framangreinds sé ótvírætt að sóknaraðili hafi eignast hluti C í Skeifunni ehf. með samningi við hana 4. nóvember 2014. Beri varnaraðila því að afhenda sóknaraðila 50% eignarhlut í Skeifunni ehf.

Kröfur sem varnaraðili kunnir að eiga á hendur C á grundvelli ákvæðis 142. gr. laga nr. 21/1991 séu óviðkomandi sóknaraðila. Þá verði dómsorð Hæstaréttar í riftunarmáli varnaraðila á hendur C ekki skilið svo að í því felist viðurkenning á að varnaraðili sé eigandi hlutanna í Skeifunni ehf., heldur felist aðeins í því að ráðstöfun þrotamanns til C á árinu 2009 sem færði hlutina til hennar sé rift. Ef sú er raunin eigi varnaraðili bótakröfu á C en það sé sóknaraðila óviðkomandi.

Vegna frávísunarkröfu varnaraðila byggir sóknaraðili á því að ekki sé saman að jafna úrskurði dóms eins og um ræðir í máli nr. Y-20/2017 og endanlegum dómi þegar kemur að res judicata-áhrifum úrslausna dómstóla. Hér sé síðan um kröfu að ræða sem í raun hafi ekki verið dæmd að efni til, eins og áskilnaður sé um í 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Þótt um sömu málsatvik sé að ræða og sömu málsástæður skipti

það ekki máli þar sem í máli þessu séu hafðar uppi kröfur allt annars eðlis og um sé að ræða tvö óskyld sakarefni.

### III. Málsástæður og lagarök varnaraðila

Varnaraðili vísar helst til þess að gjafagerningi B til C, þ.m.t. um helmingshlut í Skeifunni ehf., hafi verið rift með bréfi skiptastjóra til C 10. október 2014 og síðan birtingu stefnu í Lögbirtingablaði 7. nóv. sama ár og sú riftun hafi verið staðfest með dómi.

Varnaraðili telur allt málið einkennast af sjónarspili sem hafi náð hámarki þegar litið sé til tölvu- og/eða símapósts C til D stjórnarmanns Skeifunnar, og E sem þar sé tilnefndur í varastjórn í stað fráfarandi varastjórnarmanns, F. Í pósti þessum, sem dagsettur sé 20. desember 2014, sé ráðslagað og ákveðið um málefni Skeifunnar, m.a. skipan stjórnar og ráðstöfun á hluta nýs láns til þriðja aðila, og undir ritað; „Fh mín sem fimmtíu af hundraði eigenda að hlutafé Skeifunnar ehf.“ „C“ „Sent from my iPhone“.

Skýrara verði þetta varla. Þarna sé C, einum og hálfum mánuði eftir meinta sölu á helmings hlut í Skeifunni, að ráða, sem eigandi, málum félagsins, bæði með skipun í stjórn þess og láta það veita peninga til þriðja aðila sem hún sé þá talin stærsti eigandi að. Þó svo að sóknaraðili reyni e.t.v. að halda því fram að þetta hafi verið gert með hans samþykki þá fái það ekki staðist að hún árétti þarna eignarhald sitt í félaginu, sannanlega löngu eftir birtingu riftunarstefnunnar með lögformlegum hætti. Reyni sóknaraðili að halda því fram að þetta hafi verið gert án hans vitneskju þá sé það jafn ótrúverðugt að hann hafi látið félag tveggja eigenda, sem hann hafi verið að fjárfesta í fyrir yfir milljón breskra punda án þess nokkuð hafi legið fyrir um verðmat þess, algjörlega afskiptalaust skv. þessu og þá allt fram á vormánuði 2016 þegar fyrst örli á afskiptum hans af málefnum félagsins.

Fyrir liggi í gögnum að það sé B, þrotamaðurinn og eiginmaður C, ekki sóknaraðili, sem eigi samskipti við endurskoðandann Gunnar um aðildarbreytinguna í ársreikningnum haustið 2015, fyrir árið 2014.

Aðalkrafa varnaraðila um frávísun málsins frá héraðsdómi byggi á því að áður sé dæmt um sama atriði í máli dómsins nr. Y-20/2017 og um það gildi þá ákvæði 116. gr. einkamálalaga enda ekkert fram komið sem geri málið öðruvísi til dómsálagningar nema þá nú nýframkominn „kaupsamningur“ sem hafi þó getað verið fram kominn við framangreind málaferli, sbr. áskoranir þar um, ef slíkt hefði verið talið skipta máli.

Héraðsdómur í málinu nr. Y-20/2017 og raunar líka í málunum nr. Y-19/2017 og Y-17/2017 hafi tekið á öllum þessum sjónarmiðum og þeim hafi ekki verið breytt með æðri dómum og séu því endanlegir.

#### IV. Niðurstaða

Úrskurður þessa dómstóls í málinu nr. Y-20/2017, sem vísað er til hér að framan, gekk 9. maí 2018. Dómkröfur í því máli, þar sem sóknaraðili þessa máls sótti einnig fram, voru þá þær að innsetningargerð Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, nr. 53/2017, sem fram fór að kröfu þrotabús B 20. september 2017, og beindist gegn C, yrði ógilt með úrskurði héraðsdóms. Meginmálsástæða sóknaraðila var þá sú að hann kvaðst hafa verið eigandi helmingshlutar í Skeifunni ehf. allt frá árinu 2014. Taldi hann að hvorki C né aðrir aðilar henni tengdir gætu átt aðkomu að félaginu. Því hafi sýslumanni verið ómögulegt, eins og hann gerði, að gefa út afsal til varnaraðila fyrir 50% hlut í Skeifunni ehf. fyrir hönd C þar sem hún hafi ekki verið eigandi að hlutunum. Af þeim sökum bæri að ógilda gerðina, þar með talið afsalið 20. september 2017 fyrir 50% hlut þrotabús B í Skeifunni ehf.

Af framangreindu má ljóst vera að áður hefur verið tekist á um meginágreining þessa máls. Niðurstaða héraðsdómara í málinu varð sú að hafna kröfu sóknaraðila A Færð voru fyrir þeirri niðurstöðu m.a. eftirfarandi rök:

„Samkvæmt 92. gr. laga nr. 90/1989 er málsaðilum, þar á meðal þriðja manni sem hagsmuni hefur af gerðinni, heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerð eftir að henni hefur verið lokið. Framlögð gögn málsins bera með sér að sóknaraðili hafi fyrst í upphafi ársins 2016 byggt á því og krafist þess að hann yrði viðurkenndur eigandi 50% eignarhlutar í Skeifunni ehf. Vísar sóknaraðili m.a. til óundirritaðra ársreikninga Skeifunnar ehf. fyrir árin 2014 og 2015 auk bréfaskrifta í því sambandi. Verður því að telja að hann hafi sýnt nægjanlega fram á að hann hafi hagsmuni af gerðinni í skilningi 92. gr. laga nr. 90/1989 til að krefjast úrlausnar héraðsdóms um aðfarargerð sýslumanns.

Er kröfu varnaraðila um frávísun málsins því synjað. Samkvæmt árituðum ársreikningi Skeifunnar ehf. fyrir árið 2014 var C skráð eigandi að 50% eignarhlut í félaginu á mótí D og þannig var því háttáð allt til ársins 2016, þegar eiginmaður hennar, B, hlutaðist til um breytta eignaraðild félagsins með þeim hætti að sóknaraðili var skráður fyrir eignarhlutunum í Skeifunni ehf. í stað C. Hefur sóknaraðili, þrátt fyrir áskorun varnaraðila, enga viðhlítandi grein gert fyrir því, svo sem með framlagningu gagna um það hvernig hann eignaðist hinn meinta 50% eignarhlut í Skeifunni ehf. Þannig hefur hann hvorki lagt fram afsal fyrir eignarhlutunum frá C né gögn sem bera með sér að hann hafi greitt C fyrir þá. Ekki verður fallist á það með sóknaraðila málsins að síðari breytingar á hlutaskrá félagsins og ársreikningum Skeifunnar ehf. fyrir rekstrarárið 2014 þar að lútandi, sem gerðar voru á seinni hluta ársins 2015, séu fullnægjandi sönnun fyrir meintu eignarhaldi sóknaraðila á 50% eignarhlutum í Skeifunni ehf.“

Í máli því sem hér er til úrlausnar gerir sóknaraðili þá kröfu að þrotabúi B verði gert skylt að afhenda 50% hluta í Skeifunni ehf. Með framangreindum úrskurði var því slegið föstu að sóknaraðila hefði ekki tekist sönnun um að eignarhluturinn væri hans. Úrskurðurinn fékk ekki umfjöllun á æðra dómstigi og er því endanlegur, sbr. 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sem gildir hér sbr. 2. mgr. 178. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991. Það tjóar ekki sóknaraðila að leggja fram nýtt skjal í máli þessu, þ.e. kaupsamning um hina umþrættu hluti. Skjalið hefði hann vitaskuld átt að leggja fram í hinu fyrra máli. Engar haldbærar skýringar hafa fengist á því að mati dómsins hvers vegna það var ekki gert. Reglur um bindandi áhrif dóma (res judicata) heimila almennt ekki nýja málsókn vegna sama sakarefnis á þeim eina grundvelli að ný sönnunargögn komi fram og alls ekki ef líkur standa til þess að aðili hafi haft tók á framlagningu þeirra fyrir dómara í fyrra máli.

Niðurstaða dómsins er því sú að mál þetta snúist alfarið um það sakarefni sem leyst var úr með úrskurði dómsins í máli nr. Y-20/2017, þá er það á milli sömu aðila. Engu breytir að mati dómsins þótt sú úrlausn hafi verið í formi úrskurðar. Sá úrskurður markaði að mati dómsins, eins og dómur hefði gert, endalok á lagadeilu aðila. Málinu verður því vísað frá dómi með skírskotun til 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Sóknaraðili verður eftir úrslitum málsins, með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991, úrskurðaður til að greiða varnaraðila málsins 600.000 krónur í málskostnað.

Guðjón Ármann Jónsson, lögmaður og skiptastjóri varnaraðila, flutti málið um frávísunarkröfu varnaraðila. Til varnar kröfunni flutti málið fyrir sóknaraðila Arnar Vilhjálmur Arnarson lögmaður fyrir Hróbjart Jónatansson lögmann.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

### **Ú R S K U R Ð A R O Ð:**

Máli þessu er vísað frá dómi.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, þrotabúi B, 600.000 krónur í málskostnað.